

Prófreglugjörð

6

14. febr.

fyrir

gagnfræðaskólann á Akureyri.

Samkvæmt 11. gr. í auglýsingu 11. nóvbr. 1905, um reglugjörð fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um það, hvernig hagað skuli gagnfræðaprófi við tjeðan skóla.

1. kaflí.

Um skólanemendur.

1. gr.

Burtfararpróf gagnfræðaskólans á Akureyri nefnist gagnfræðapróf. Þeir, sem undir það ganga, skulu reyndir í því, sem þeir hafa lesið í gagnfræðadeildinni, þó með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvörðunum þeim, er hjer fara á eftir. Skólameistari ákveður í samráði við kennara og með samþykki stjórnarráðs, að hve miklu leyti sleppa megi ýmsum köflum úr því, sem lesið hefir verið í allri deildinni.

2. gr.

Ekkert gagnfræðapróf skal halda í:

- 1) teiknun,
- 2) handavinnu,
- 3) leikfimi,
- 4) söng.

En leggja skal fram teikningar þær og handavinnu, sem nemendur hafa leyst af hendi í skólanum síðasta skólaár, og skal gefa einkunn fyrir hvort um sig, Sýna skal og í lok skólaársins leikni í líkamsæfingum og söng þeirra nemenda, er gagnfræðapróf eiga að taka. Hinir skipuðu prófdómendur skulu ásamt kennara dæma um teikningar og handavinnu.

3. gr.

Gagnfræðaprófinu skal haga þannig:

I. Íslenska.

a. Munnleg. Nemendur skulu hafa til prófsins að minsta kosti 200 bls. í svo af því, sem þeir hafa lesið í skólanum; skal það bæði vera bundið mál og óbundið, valið úr fornbókmentunum, og einkum bókmentum síðari alda,

6 ýmislegs efnis. Hver nemandi skal látinn lesa kafla úr óbundnu máli, er hann 14. febr. hefir ekki lesið áður í skólanum; má kaflinn eigi vera þyngri að efni nje máli en það, sem lesið hefir verið í skólanum; hann skal og látinn lesa kafla í ljóðum. Gera skal hann grein fyrir efni þess, sem hann er látinn lesa. Ennfremur skal kennarinn taka til meðferðar hæfilega langan kafla af því, sem til prófs hefir verið ætlað, láta nemandann segja frá efni hans með eigin orðum, og gera nokkra grein fyrir einstökum orðum og setningum. Við einkunnagjöfina skal taka sjerstakt tillit til þess, hvernig lesið er.

b. Skrifleg. Nemendur skulu skrifa endursagnarstíl og ritgerð, annaðhvort frásögulegs efnis, eða lýsingu á einhverju, er þeir þekkja, eða hafa fyrir augunum. Eigi skal verkefnið vera mjög umfangsmikið.

II. Danska.

a. Munnleg. Nemendurnir skulu hafa til prófsins að minsta kosti 100 bls. í 8vo af því, sem þeir hafa lesið í skólanum. Skal reyna þá í kafla úr þessu og í stuttum ólesnum kafla auðveldum. Prófið fari fram sumpart með samtali á dönsku um kaflann eða endursógn hans, sumpart með því að þýtt sje á íslensku svo mikið sem þurfa þykir til þess að ganga úr skugga um, að nemandinn skilji kaflann. Í málfræði sje nemandinn aðallega reyndur á þann hátt, að hann sje látinn setja saman óflóknar smásetningar, er sem mest sjeu leiddar út úr kaflanum, sem prófað er í.

b. Skrifleg. Nemendur skulu snúa hæfilegum kafla úr íslensku á dönsku.

III. Enska.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt, og skal haga því á sama hátt og prófinu í dönsku.

IV. Saga.

Prófið er munnlegt, og skal láta nemandann segja frá kafla í samhengi og sömuleiðis svara einstökum spurningum, sem fyrir hann eru lagðar.

V. Landafræði.

Prófið er munnlegt, og á að styðjast við uppdrætti landa, myndir eða önnur áhöld við landafræðiskenslu.

VI. Náttúrusaga.

Prófið er munnlegt, og skal leggja aðaláherslu á það, að nemendur geti glögglega lýst náttúrugripum eða myndum, sem þeim eru sýndar, og kunni að gera grein fyrir líffærum, gerð þeirra og störfum. Spurningar úr heilsu-

fræði þarf ekki að leggja fyrir alla nemendur, og eigi skal velja aðalspurn-inguna handa nokkrum nemanda úr henni.

6
14. febr.

VII. Eðlisfræði.

Prófið er munnlegt, og skal nota myndir eða önnur kensluáhöld við það eftir föngum. Hverjum nemanda skal fá eitt eða tvö verkefni, eftir því hve yfirgripsmikil þau eru. Sjeu þau tvö, má annað þeirra vera efnafræðislegs efnis, en eigi skal það vera aðalúrlausnarefnið.

VIII. Stærðfræði.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt.

a. Reikningur. Munnlega prófinu skal þannig haga, að það sýni hve vel nemendur skilji reikningsreglurnar og leikni þeirra í að hagnýta sjer þær.

Við skriflega prófið skulu nemendum fengin til úrlausnar að minsta kosti tvö dæmi. Skal velja þau þannig, að þeir geti beint hagnýtt sjer þær reiknings-reglur, sem þeir hafa lært.

b. og c. Talnafræði og flatarmálsfræði. Við munnlega prófið skal einkum reyna nemendur í flatarmálsfræði, og ber við prófdóminn að taka sjerstaklega tillit til þess, hvort nemandinn getur gert nákvæma og skýra grein fyrir því, sem hann hefir lært.

Við skriflega prófið skal fá nemendum tvö verkefni til úrlausnar. Þau skal þannig velja, að hægt sje beint að hagnýta sjer við úrlausnina einhverja þá setningu, eða aðferð, sem þeim hefir verið kend í skólanum. Skal annað dæmið vera uppdráttardæmi (Konstruktion), en hitt reikningsdæmi, eða líking. Við próf-dóminn skal hafa hliðsjón af því, hvernig teikningin er af hendi leyst.

4. gr.

Þrír prófdómendur skulu dæma um hina skriflegu og munnlegu frammi-stöðu í hverri grein. Skal einn þeirra vera kennarinn í þeirri námsgrein, sem prófið er í, en af hinum tveim velur stjórnarráðið annan, en hinn skólameistari.

5. gr.

Allar einkunnir hafa sama gildi. Einkunnir fyrir skriflegar] úrlausnir á ekki að leggja saman við einkunnir fyrir munnlega frammistöðu í sömu náms-grein. Aðeins eina einkunn skal gefa fyrir alla hina munnlegu frammistöðu í heild sinni í hverri námsgrein, og aðra einkunn fyrir skriflega; og það eins þótt lagt sje fyrir nemandann fleiri en eitt verkefni til úrlausnar, eða þótt náms-greinir skiftist í fleiri deildir.

Einkunnir eru þrennskonar:

1. Prófseinkunnir eru þær einkunnir, sem gefnar eru fyrir munnlega eða skriflega frammistöðu við gagnfræðapróf í hverri einstakri námsgrein. Sömuleiðis einkunnir þær, sem gefnar eru við gagnfræðaprófið fyrir teikningu og handavinnu.

Við munnlegt próf eiga prófdómendurnir, að afloknu prófi í hverri námsgrein, að bera saman einkunnirnar, sem þeir hafa gefið, og kveða upp að því loknu prófseinkunn hvers nemanda í námsgreininni.

2. Árseinkunnir eru meðaltal þeirra þriggja einkunna, er hver kennari gefur í sinni kenslugrein, eða sínum kenslugreinum, til þess að láta í ljósi álit sitt um ástandun og kunnáttu nemanda í þeim námsgreinum, sem hann kennir. Skulu þær einkunnir ritaðar í bók, sem til þess er ætluð, og meðaltal þeirra reiknað út við lok kensluársins og fært inn í bók þessa.

3. Fullnaðareinkunnir. Fullnaðareinkunn er sú einkunn, sem kemur út, þegar lögð er saman prófseinkunn, sem gefin hefir verið fyrir munnlega frammistöðu í námsgrein, eða fyrir skólavinnu þá, sem lögð hefir verið fram til þess að um hana sje dæmt, og árseinkunn í námsgreininni, og því, sem út kemur, síðan deilt með 2.

Prófseinkunn fyrir skriflega úrlausn í námsgrein er fullnaðareinkunn í henni.

Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum (ritleikni), söng og leikfimi, skal vera fullnaðareinkunn í greinum þessum.

Í öllum þeim námsgreinum, sem munnlegt próf er haldið í, skal fullnaðareinkunn gefin eftir framanrituðum reglum.

Í öllum þeim námsgreinum, sem munnlegt próf fellur burt í samkvæmt ákvæðum þeim, sem um það kunna að verða gerð, skal árseinkunnin vera fullnaðareinkunn.

Skólameistari sjer um samlagning árseinkunna og fullnaðareinkunna, og að allar árseinkunnir, prófseinkunnir og fullnaðareinkunnir sjeu ritaðar í sjerstaka bók.

7. gr.

Við gagnfræðapróf skal gefa þessar einkunnir: 8, 6, 4, 0. Við samlagning á þessum einkunnum geta komið fram millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1. Einkunnina 8 skal aðeins gefa þá er frammistaða nemanda er óvenjulega góð, en einkunnina 0 afturámóti, er frammistaðan er afaraumleg. Fyrtaldar einkunnir: 8, 6, 4, 2 og 0, skal og gefa á skólaárinu og reikna árseinkunnina út eftir þeim. Við þann útreikning geta komið fram síðartaldar einkunnir (millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1). Sleppa skal öllum brotum, en halda einungis heilu tölunum, þegar deilt er einkunnum þeim, sem gefnar eru á skólaárinu, og sömuleiðis þegar meðaltal er tekið af árseinkunninni og prófseinkunninni.

Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum kemur út við það, að lagðar eru saman einkunnir þær, sem allir kennarar í námsgreinum þessum hafa gefið á skólaárinu, og útkomunni síðan deilt með tölu einkunnanna; komi út meira brot en $\frac{1}{2}$, sje það hækkað upp í heilan, en $\frac{1}{2}$ og þaðan af minna broti sje slept. 6
14. febr.

8. gr.

Til þess að standast gagnfræðapróf má meðaleinkunn í íslensku, dönsku, ensku, sagnfræði, landafræði, náttúrusögu, eðlisfræði, stærðfræði, teiknun og frágangi á skriflegum úrlausnum eigi vera lægri en 3, 5, reiknað eftir framanskráðum reglum. Þó skal nemandi þeim, sem við munnlegt eða skriflegt próf fær prófseinkunnina 0 tvisvar sinnum, vísað frá prófi.

2. kafla.

Um utanskólanemendur.

9. gr.

Foreldrar eða vandamenn utanskólanemenda, sem ætlað er að ganga undir burtfararpróf gagnfræðaskólans, skulu senda skólameistara umsókn um það fyrir 15. dag aprílmánaðar, ásamt vottorði frá manni eða mönnum, sem lokið hafa burtfararprófum við gagnfræðaskólann eða hinn almenna mentaskóla eða öðrum jafngildum prófum, um það, að hann eða þeir hafi haft eftirlit með námi hans, og skal því fylgja skýrsla um það, sem nemandinn hefir lesið og numið.

10. gr.

Utanskólanemendur skulu hafa lesið og numið allt það, er lesið er og numið í allri gagnfræðadeildinni eða jafngildi þess, og skulu ganga undir próf í því öllu, svo og í teiknun og handavinnu. Er kennurum skylt að haga svo. prófinu í samráði við prófdómendur, að nægileg víska fáiast um það, að nemendur hafi náð tilætlaðri kunnáttu og þroska. Prófseinkunn utanskólanemenda er fullnádareinkunn þeirra.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.